

**Landsskipulagsstefna 2015- 2026201412057 –**

Landsskipulagsstefna hefur fengið umfjöllun í 3 nefndum hjá Sveitafélaginu Hornafjörður.

Umhverfis og skipulagsnefnd tók málið fyrir á fundi 7. janúar sl. og var eftirfarandi fært til bókar:

*„Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að tillaga að landsskipulagsstefnu verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins og hvetur íbúa til að kynna sér hana. Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til 13. febrúar. Málinu vísað til áframhaldandi vinnu í nefndum.“*

Landsskipulagsvinna fékk svo umfjöllun á fundi nr. 1 í Skipulagsnefnd sem tók við af Umhverfis- og skipulagsnefnd.

Skipulagsnefnd 4 febrúar sl.:

*„Lagt fram til kynningar.“*

*Atvinnumálanefnd fundur. 1 23. janúar sl.*

*„Tillögur að landsskipulagsstefnu lögð fram. Atvinnumálanefnd vill benda á að 60 km. skilgreining á vinnusóknarsvæði er þröng skilgreining. Innan sveitarfélagsins er mikil uppbygging í ferðaþjónustu og aukning starfa í nágrenni Hafnar sem falla utan þessarar skilgreiningar um vinnusóknarsvæði.“*

Skipulagsfulltrúi vekur svo að lokum athygli á að fjallaskálar í Stafafellsfjöllum (Lónsöræfum) eru ekki færð inn á skýringarmyndir, Hálendismiðstöð kunni að vera skilgreindar við Þormóðshnútu á við Skálfellsjökul.

Kveðja

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson

Yfirmaður umhverfis- og skipulagsmála

Sími. 4708007/8683723

[runars@hornafjordur.is](mailto:runars@hornafjordur.is)

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarbraut 27

780 Höfn í Hornafirði

-----